



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

STARFSLÝSING

- Starfsheiti:** Móttökuritari
- Svið:** Rekstrar- og útgáfusvið
- Næsti yfirmaður:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs
- Markmið:** Móttökuritari tekur þátt í daglegum rekstri sambandsins, sem miðað að því að gæta hagsmuna sveitarfélaga í landinu.
- Ábyrgðarsvið:** Móttökuritari er hluti af stoðþjónustu sambandsins og miðar starfið fyrst og fremst að því að sinna þjónustu við stjórnendur og starfsfólk sambandsins og samstarfsstofnana þess.
- Verkþættir – helstu verkefni:**
- Móttökuritari sinnir símsvörun og símhringingum fyrir sambandið og samstarfsstofnanir þess, tekur á móti gestum og lætur viðkomandi starfsfólk vita af gestakomum.
 - Annast skráningu fjarvista starfsmanna vegna orlofs, veikinda eða annarrar fjarveru.
 - Aðstoðar skjalastjóra sambandsins við frágang skjala, skráningu skjala, móttöku og skráningu póstis og fleira sem tengist skjalastjórnun hjá sambandinu og samstarfsstofnunum þess.
 - Gengur frá pósti sem fer úr húsi á vegum sambandsins og samstarfsstofnana þess og ber ábyrgð á að undirbúa skjöl til rafrænnar undirritunar.
 - Aðstoðar bókara við skráningu reikninga í bókhaldskerfi.
 - Annast ritarastörf hjá sambandinu og samstarfsstofnunum þess, svo sem ritvinnslu, ljósritun, yfirllestur, útsendingum o.fl. þ.h.
 - Sér um samskipti við sendla.
 - Annast pantanir og innkaup á matvörum fyrir starfsmannaeldhús og gengur frá í eldhúsi að loknum hádegisverði. Sér einnig um pantanir og innkaup á öllum almennum skrifstofuvörum.
 - Sinnir pöntunum á mat og meðlæti með kaffi sem borið er fram á fundum, sinnir frágangi á fundarherbergjum fyrir fundi og ber fram mat, kaffi og meðlæti á fundum.
 - Heldur utan um og sér um bókanir á flugferðum fyrir sambandið og samstarfsstofnanir.
 - Tekur þátt í að undirbúa og kemur að framkvæmd ráðstefna og funda á vegum sambandsins og samstarfsstofnana.

- Sinnir öðrum tilfallandi verkefnum þegar þess er óskað af yfirmanni.

**Helstu
samstarfsaðilar:**

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, skjalastjóri, bókarar, gjaldkeri og annað starfsfólk sambandsins og samstarfsstofnana þess.

Reykjavík 2021.
